

Samþykktir félagsins EMDR Ísland

1. gr.

Félagið heitir EMDR Ísland.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er tilgreint lögheimili á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn EMDR Ísland tilgreinir lögheimilið hverju sinni og tilkynnir til opinberra aðila.

3. gr.

Félagið er fagfélag um EMDR meðferð (Eye movement desensitization and reprocessing). Tilgangur félagsins er að annast faglega umgjörð EMDR meðferðar á Íslandi. Einnig að fylgjast með framþróun og nýjustu þekkingu í faginu og eftir atvikum endurmenntun félagsmanna. Félagið sér um að kynna og veita upplýsingar um EMDR meðferð. Félagið annast félagatal og gefur út hæfnivottanir EMDR Ísland.

4. gr.

Samstarf á sviði EMDR meðferðar. EMDR Ísland er aðili að EMDR Europe og greiðir aðildargjöld til EMDR Europe miðað við fjölda skráðra félaga hverju sinni.

5. gr.

Félagsaðild: Meðferðaraðili með starfsleyfi frá Heilbrigðisráðuneyti getur sótt um félagsaðild eftir að hafa lokið hið minnsta grunnþjálfun í EMDR meðferð (Weekend 1). Umsóknir skal taka fyrir á stjórnarfundum.

6. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi félagsins skal stjórn gera grein fyrir árangri liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur á aðalfundi.

Aðalfundur skal haldinn árlega í lok árs. Reikningstímabil félagsins er almanaksárið. Skal stjórn starfa frá aðalfundi til aðalfundar.

- 6.1. Aðalfundur telst löglegur ef til hans er boðað með tölvupósti til félagsmanna með 7 daga fyrirvara hið minnsta.
- 6.2. Aðalfundur telst löglegur hafi fundarboð verið sent félagsmönnum skv. 6.1. og án tillits til mætingar félagsmanna.
- 6.3. Félagar sem hafa greitt árgjald á starfsári hafa kosningarétt.
- 6.4. Á aðalfundi skal kosin 5 manna stjórn til tveggja ára í senn, formann og varaformann. Kosin stjórn ákveður hver sinnir starfi ritara félagsins og gjaldkera þess. Einnig skal kjósa tvo varamenn og skoðunarmann reikninga skv. 6. gr.
- 6.5. Dagskrá aðalfundar skal vera:
 - i. Fundur settur
 - ii. Kosning fundarstjóra og ritara
 - iii. Skýrsla stjórnar
 - iv. Skýrsla gjaldkera og fjárhagsáætlun lögð fram til samþykktar

** Skv. lögum um fyrirtækjaskrá nr. 17/2003 skal ríkisskattstjóri skrá og gefa út kennitölu á félög, samtök og aðila, aðra en einstaklinga, sem hafa með höndum eignaumsýslu, eru skattskyldir eða bera aðrar skattalegar skyldur.

Handwritten signatures and initials:
A large signature at the top right.
Initials 'SB' below it.
Initials 'MBL' and 'SKJBB' at the bottom right.

Samþykktir félagsins EMDR Ísland

- v. Lagabreytingar
- vi. Kosning stjórnar
- vii. Kosning skoðunarmanns reikninga
- viii. Starfsáætlun til eins árs lögð fram
- ix. Önnur mál
- x. Fundarslit

Kjör stjórnar fer fram þannig að á hverju ári skal kjósa hluta stjórnar, þannig að annað hvort ár er kosinn formaður og tveir meðstjórnendur auk eins varamanns og eins skoðunarmanns reikninga. Hitt árið er kosinn varaformaður og einn meðstjórnandi auk eins varamanns og eins skoðunarmanns reikninga hitt árið.

Hætti fulltrúi í stjórn á miðju kjörtímabili skal sá sem er kjörinn í staðinn ljúka kjörtímabili þess sem hætti.

Daglega umsjón félagsins annast stjórn.


Firmaritun félagsins er í höndum stjórnar.

9. gr.


Ákvörðun um slit félags skal tekin á stjórnarfundum með einföldum meirihluta og renna eignir þess til aðila sem stjórn ákveður.

Reglur þessar eru samþykktir af stjórn og öðlast gildi við undirritun.


19/11/2023




Margrét Blöndal
Kt. 040763-3329




Sigríður Björnsdóttir
Kt. 300866-4259




Sigríður J. Sigrúnardóttir
Kt. 230366-4899



Sigríður Karen J. Bárudóttir
Kt. 100270-3749



Íris Stefánsdóttir
Kt. 081170-5769



Elísabet Ólöf Sigurðardóttir
Kt. 031269-3349

** Skv. lögum um fyrirtækjaskrá nr. 17/2003 skal ríkisskattstjóri skrá og gefa út kennitölu á félög, samtök og aðila, aðra en einstaklinga, sem hafa með höndum eignaumsýslu, eru skattskyldir eða bera aðrar skattalegar skyldur.